

Austurbrú ses

Ársreikningur 2018

Austurbrú ses
Tjarnarbraut 39e
700 Egilsstaðir

Kt. 640512-0160

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Austurbrú sjálfseignarstofnun (ses) er stofnuð á grunni Þekkingarnets Austurlands, Þróunarfélags Austurlands, Markaðsstofu Austurlands og Menningarráðs Austurlands. Stofnfundur stofnunarinnar var þann 8. maí 2012 og tók Austurbrú ses., þann 1. júní 2012 yfir starfsemi, eignir og skuldbindingar þessara stofnana og féлага og daglegan rekstur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA).

Tilgangur Austurbrúar ses. er að vinna að hagsmunamálum íbúa, sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja á Austurlandi og veita samræmda og þverfaglega þjónustu tengda atvinnulífi, menntun og menningu. Austurbrú ses. er í forsvari fyrir þróun atvinnulífs, samfélags, stjórnsýslu háskólanáms, símenntunar, rannsókna, þekkingar- og menningarstarfs á Austurlandi.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur stofnunarinnar 378,5 millj. kr. á árinu. Rekstrarniðurstaða var jákvæð um 16,5 millj. kr á árinu. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir stofnunarinnar 168,1 millj. kr. og eigið fé í árslok var jákvætt sem nam 18,9 millj. kr. Skuldir og skuldbindingar nema 149,2 millj. kr. og þar af nema skammtímaskuldir, sem gert er ráð fyrir að komi til greiðslu á árinu 2018, 145,3 millj. kr.

Í ársreikningnum eru upplýsingar um mat á helstu eignum stofnunarinnar og er vísað til ársreikningsins um ráðstöfun rekstrarniðurstöðu og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stofnfé Austurbrúar ses. er 1,6 millj. kr. og skiptist upphaflega á þrjátíu og tvo stofnendur sem hver um sig lagði fram 50 þús. kr. stofnframlag. Frá stofnun hefur stofnaðilum fækkað með sameiningum þeirra og erum í árslok þrjátíu talsins.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyra stofnendum hennar.

Stjórn Austurbrúar ses. staðfesta hér með ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2018 með undirritun sinni og leggja til við aðalfunda að hann verði samþykktur.

Austurlandi, 29. apríl 2019

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eigenda Austurbrúar ses.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Austurbrúar ses. fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstremisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu stofnunarinnar 31. desember 2018 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Egilsstöðum, 29. apríl 2019

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur ársins 2018

	Skýr.	2018	2017
Rekstrartekjur:			
Framlög	4	174.853.020	158.989.360
Aðrar tekjur	4	203.647.947	197.476.111
		378.500.967	356.465.471
Rekstrargjöld:			
Laun og launatengd gjöld	5	214.240.978	184.289.241
Annar rekstrarkostnaður		144.292.141	133.091.383
		358.533.119	317.380.624
Rekstrarniðurstaða án afskrifta og hreinna fjármagnsgjalda		19.967.848	39.084.847
Afskriftir	3,7	(5.250.411)	(2.989.552)
Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		14.717.437	36.095.295
Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	6	1.757.431	19.426
Rekstrarniðurstaða ársins	10	16.474.868	36.114.721

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

	Skýr.	2018	2017
Fastafjármunir:			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Skrifstofubúnaður		5.290.067	3.864.894
Bifreiðar		3.451.600	4.298.100
	3,7	<u>8.741.667</u>	<u>8.162.994</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í öðrum félögum og stofnframlög	8	340.000	340.000
		<u>340.000</u>	<u>340.000</u>
		9.081.667	8.502.994
Fastafjármunir samtals			
Veltufjármunir:			
Skammtímakröfur:			
Viðskiptakröfur	3f	27.039.339	35.043.617
Fyrirfram innheimtur kostnaður		0	39.710
Aðrar skammtímakröfur		822.854	1.055.302
Handbært fé	3h	131.199.180	90.636.530
		<u>159.061.373</u>	<u>126.775.159</u>
Veltufjármunir samtals			
		168.143.040	135.278.153
Eignir samtals			
Eigið fé:			
Stofnfé		1.600.000	1.600.000
Óráðstafað eigið fé		17.310.137	835.269
	Eigið fé samtals 10	<u>18.910.137</u>	<u>2.435.269</u>
Skuldbindingar:			
Skuldbinding vegna Vaxtasamnings Austurlands		3.903.095	3.903.095
Langtímaskuldir:			
Skuldabréfalán		0	8.313.542
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir		28.810.011	29.041.966
Næsta árs afborganir langtímaskulda		0	9.168.762
Fyrirframinnheimtar tekjur vegna verkefna		67.723.854	37.082.196
Aðrar skammtímaskuldir		48.795.943	45.333.323
		<u>145.329.808</u>	<u>120.626.247</u>
	Skuldir og skuldbindingar samtals	<u>149.232.903</u>	<u>132.842.884</u>
	Eigið fé og skuldir samtals	<u>168.143.040</u>	<u>135.278.153</u>

Sjóðstreymisyfirlit árið 2018

	Skýr.	2018	2017
Rekstrarhreyfingar:			
Rekstrarniðurstaða ársins	10	16.474.868	36.114.721
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	5.250.411	2.989.552
Verðbætur og gengismunur skulda		43.071	36.490
Veltufé frá rekstri		21.768.350	39.140.763
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		8.276.436 (4.945.418)
Skammtímaskuldir, lækkun		33.872.323	32.016.148
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		42.148.759	27.070.730
Handbært fé frá rekstri		63.917.109	66.211.493
Fjárfestingarhreyfingar:			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	7	(5.829.084)	(3.734.197)
Fjárfestingarhreyfingar		(5.829.084)	(3.734.197)
Fjármögnunarhreyfingar:			
Skuldbindingar vegna Vaxtasamnings, breyting	11	0 (1.500.000)
Afborganir langtímalána		(17.525.375)	(9.082.427)
Fjármögnunarhreyfingar		(17.525.375)	(10.582.427)
Hækkun á handbæru fé		40.562.650	51.894.869
Handbært fé í upphafi árs		90.636.530	38.741.661
Handbært fé í árslok		131.199.180	90.636.530

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Upplýsingar um stofnunina

Austurbrú er sjálfseignarstofnun (ses) sem stofnuð á grunni Þekkingarnets Austurlands, Þróunarfélags Austurlands, Markaðsstofu Austurlands og Menningarráðs Austurlands.

Stofnunin starfar á grundvelli skipulagsskrár sem samþykkt var á stofnfundi þann 8. maí 2012 og ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyra stofnendum hennar.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðir sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningum.

a. Innlaun tekna

Tekjur af framlögum eru færðar í rekstrarreikning í samræmi við samninga stofnunarinnar við ríki, sveitarfélög og aðra aðila. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu á uppgjörsdegi.

b. Færslu gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljenda hefur myndast.

c. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Bifreiðar.....	5 ár
Skrifstofubúnaður.....	4 ár

d. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Stofnframlög og eignarhlutir í félögum eru færðir á kostnaðarverði.

e. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður um 1,6 millj. kr. í ársreikningunum. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum, sem kunna að tapast og er hann dreginn frá óinnheimtum kröfum í árslok í efnahagsreikningi.

f. Handbært fé

Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár í árslok.

g. Samningur um verkefni í vinnslu

Fyrirframinnheimtar tekjur vegna samningsbundinna verkefna námu 67,7 millj. kr. í árslok 2018 og er sú fjárhæð færðar meðal skammtímaskulda.

Skýringar frh.

4. Rekstrartekjur

Tekjur greinast þannig:

	2018	2017
Framlög		
Framlög frá Ríkissjóði Íslands til menntamála	90.700.000	85.630.000
- Framlag samkvæmt fyrstu umræðu fjárlaga	56.000.000	55.800.000
- Viðbótarframlag samkvæmt þriðju umræðu fjárlaga	30.000.000	25.000.000
- Sérstök úthlutun úr símenntunarpotti	4.700.000	4.830.000
Framlög frá Byggðastofnun	26.887.000	25.973.004
Framlög frá Ferðamálastofu	18.930.000	10.242.000
Framlög frá sveitarfélögum	38.336.020	37.144.356
	<u>174.853.020</u>	<u>158.989.360</u>
Aðrar tekjur		
Tekjur vegna háskóla og rannsóknum	20.101.259	13.951.584
Tekjur vegna símenntunar	79.653.003	76.228.321
Tekjur vegna atvinnuþróunar og markaðsmálum	40.657.206	59.864.457
Tekjur vegna sóknaráætlunar og sjóða	32.695.621	25.629.130
Tekjur vegna umsýslu SSA og SV-Aust	22.124.759	14.729.547
Aðrar tekjur	8.416.099	7.073.072
	<u>203.647.947</u>	<u>197.476.111</u>

5. Starfsmannamál

Laun, launatengd gjöld og fjöldi starfsmanna er sem hér segir:

	2018	2017
Laun	168.646.201	146.980.502
Tryggingagjald	13.157.180	11.380.691
Lífeyrissjóðsframlag	21.558.153	17.528.068
Önnur launatengd gjöld	4.449.333	3.975.744
Áfallið orlof, breyting	6.430.111	4.424.236
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>214.240.978</u>	<u>184.289.241</u>
Fjöldi starfsmanna í árslok	25,0	22,0
Fjöldi stöðugilda í árslok	23,0	18,5
Ársverk	21,7	18,2
Laun og launatengd gjöld framkvæmdastjóra og stjórnar	23.261.120	23.169.422

6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

	2018	2017
Vaxtatekjur	2.796.202	2.019.060
Vaxtagjöld og verðbætur	(1.038.771)	(1.999.634)
Hrein fjármagnsgjöld samtals	<u>1.757.431</u>	<u>19.426</u>

Skýringar frh.

7. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Bifreiðar	Skrifstofu- búnaður	Samtals
Heildarverð 1.1.2018	7.400.000	11.413.997	18.813.997
Keypt á árinu	1.450.000	4.379.084	5.829.084
Heildarverð 31.12.2018	8.850.000	15.793.081	24.643.081
Afskriftir 1.1.2018	3.101.900	7.549.103	10.651.003
Afskrifað og niðurlagt á árinu	2.296.500	2.953.911	5.250.411
Afskrifað samtals	5.398.400	10.503.014	15.901.414
Bókfært verð 31.12.2018	3.451.600	5.290.067	8.741.667
Afskriftahlutföll	20%	25-33%	

8. Eignarhlutir í öðrum félögum og stofnframlög

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

	Nafnverð	Bókfært verð
Þekkingarsetur, stofnframlag	200.000	200.000
Gunnarsstofnun, stofnframlag	140.000	140.000
Starfsendurhæfing Austurlands	0	100.000
Niðurfærsla eignahluta	0	(100.000)
	340.000	340.000

9. Skammtímakröfur

Niðurfærsla krafna greinist þannig:

Niðurfærsla í ársbyrjun	3.536.314
Niðurfærsla, breyting á árinu	(1.888.150)
Niðurfærsla í árslok	1.648.164

10. Eigið fé

Yfirlit um eigið fé:

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
Eigið fé 1.1.2018	1.600.000	835.269	2.435.269
Rekstrarniðurstaða ársins		16.474.868	16.474.868
Eigið fé 31.12.2018	1.600.000	17.310.137	18.910.137

11. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í stjórn stofnunarinnar auk æðstu stjórnenda eru skilgreindir sem tengdir aðilar stofnunarinnar. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.